

**Nd.**

**676. Frumvarp til laga**

**[219. mál]**

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 451 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

29. gr. orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki.

Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti, ef hann telur sérstaka ástæðu til þess.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara héraendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.